

7. fundur fræðslunefndar ársins 2012 vegna Undralands, haldinn 28. nóvember 2012 í leikskólanum, kl. 15:30. 17. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Eggertsson, sem ritaði fundargerð, Gunnar Þór Jóhannesson, Halldóra Halldórsdóttir leikskólustjóri, Arnheiður S. Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Katrín Emilsdóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

1. Skýrsla leikskólustjóra.
2. Ráðning í stöðu leikskólustjóra.
3. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla leikskólustjóra.

- ❖ Haustið hefur leikið við okkur, veðrið hefur verið yndislegt og gert okkur kleift að rannsaka og ferðast mikið utan dyra og snjórinn sem kom í mýflugumynd var nýttur til hins ýtrasta.
- ❖ Ragnheiður Kjartansdóttir hóf störf hjá okkur í október ætlunin var að hún væri í 50% stöðu en vegna langvarandi veikinda tveggja starfsmanna hefur hún verið hátt í 87% stöðu.
- ❖ Fjórir starfsmenn fóru á ART- námskeið og eru komnar á fullt með ART-þjálfun. Stefnt er að því að öll börn á Heiðar- og Skógarkoti verið orðnir ART-snillingar í lok vetrar og að sjálfsgöðu starfsfólki líka ☺.
- ❖ Leikskólanum var lokað á hádegi miðvikudaginn 31. okt. Starfsfólk leikskólans fór á málþing um innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár. Undirrituð hélt erindi um starf leikskólans og þá aðallega um hvernig við nálgumst námsþættina í útikennslu. Við vorum allar sammála því að þetta hafi verið fróðlegt og skemmtilegt þing og sérstaklega var gagnlegt að kennarar þriggja skólastiga voru saman komnir og gátu miðlað reynslu og borið saman bækur sínar.
- ❖ Á starfsmannafundi í nóvember byrjuðum við á vinnu nýrrar skólanámskrár fyrir leikskólann. Við tókum fyrir tvo námsþætti, Læsi og samskipti og sköpun og menning. Árangurinn má sjá á „rauða veggnum“ í Hrunakrók. Búið er að vinna áætlun vegna vinnu við gerð nýrrar skólanámskrár og vonandi verður hún tilbúin fyrir sumarfrí.
- ❖ 1.bekkur kemur alltaf reglulega í heimsókn og hefur tekið þátt í litatónaverkefni og einingakubbum. Snillingarnir fóru líka tvisvar í heimsókn í Flúðaskóla. Í fyrra skiptið fóru þau í stöðvavinnu með 1.bekk og frímínútur og í seinna skiptið fóru þau í smíði.
- ❖ Séra Halldór hefur komið til okkar tvisvar í nóvember og mun heimsækja okkur þrisvar sinnum í desember. Hann segir okkur sögur og kennir okkur söngva. Börnin eru reglulega áhugasöm og hlusta af athygli á sögurnar hans og finnst söngvarnir mjög skemmtilegir.
- ❖ Á degi íslenskrar tungu komu stúlkur úr 9. og 10. bekk til okkar. Þær léku fyrir okkur leikrit, sungu og spiluðu á hljóðfæri. Krakkarnir á Skógarkoti fóru í Flúðaskóla og fylgdust með dagskránni sem þar var boðið uppá.
- ❖ Bókasafnsheimsóknir voru í október og nóvember. Þar tók Áslaug á móti börnunum í litlum hópum og fræddi þau um bókasafnið, hvernig maður fær lánaða bók og svo las hún vel valda bók í lokin. Þessar heimsóknir eru alltaf mjög skemmtilegar og bíða börnin spennt eftir að fara á bókasafnið.
- ❖ Jólajöf barnanna til foreldra sinna er verkefni desembermánaðar, einnig er piparkökubakstur, heimsókn í Heimaland, leiksyning í boði foreldrafélagsins og ýmis konar jólaundirbúningur framundan. Við skreytum leikskólann okkar jafnt og þétt fram að jólaballi og krakkarnir á Skógarkoti eru farin að æfa helgileikinn. Upprifjun á jólalögum er hafinn og hafa börnin litlu gleymt vinsælustu lögnum.
- ❖ Við höfum pakkadagatal í desember eins og fyrri ár og þetta árið verður að finna húsdýr og bíla í pökkunum. Þrjú börn, eitt af hverri deild, opna hvern pakka og má segja að samvinna sé áberandi hjá okkur í desember.

2. Ráðning í stöðu leikskólastjóra.

Formaður fór yfir málið. Starfið var auglýst laust til umsóknar fyrir nokkru og rann frestur til að sækja um starfið út þann 23. nóvember sl. Alls sóttu fjórir einstaklingar um starfið og voru tveir þeirra boðaðir í viðtal.

Formaður lagði fram ráðgefandi álit frá Skólaskrifstofu Suðurlands vegna ráðningarinnar þar sem lagt er mat á þá tvo umsækjendur sem rætt var við. Málið rætt.

Fræðslunefnd tekur undir ráðgefandi álit Skólaskrifstofu Suðurlands og leggur til við sveitarstjórn að Halla Gunnarsdóttir verði ráðin sem leikskólastjóri Undralands frá og með 1. janúar 2013.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert.
Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15.50.